

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 465/1993. **Úlfar Nathanaelsson**

gegn

Blaði hf.,

Gunnari Smára Egilssyni,

Sigurði Má Jónssyni og

Sigurjóni Magnúsi Egilssyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Ærumeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunarúrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í meiðyrðamáli er óhjákvæmilegt, að tilgreind séu í stefnu þau ummæli ein, sem átalín eru, og rök fyrir því, að ærumeiðingar felist í þeim. Sé þá fjallað sérstaklega um einstök ummæli, ástæður fyrir því, að beita eigi viðurlögum vegna þeirra, og lýsing á því, í hvern flokk ærumeiðinga hver einstök átalínna ummæla eigi að falla, og rök fyrir því.

Málatilbúnaði sóknaraðila er mjög áfátt að þessu leyti, svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði. Að svo vöxnu máli brast lagaskilyrði fyrir því, að efnisdómur yrði á málið lagður. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Úlfar Nathanaelsson, greiði varnaraðilum, Blaði hf., Gunnari Smára Egilssyni, Sigurði Má Jónssyni og

Sigurjóni Magnúsi Egilssyni, sameiginlega 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar fimmtudaginn 30. september sl., hefur Úlfar Nathanaelsson, kt. 140832-4139, Mávanesi 2, Garðabæ, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. september 1992, á hendur Blaði hf., kt. 650674-0149, Nýbýlavegi 14-16, Kópavogi, Gunnari Smára Egilssyni, kt. 110161-4099, Laufásvegi 9, Reykjavík, Sigurði Má Jónssyni, kt. 091060-2729, Álfheimum 46, Reykjavík, og Sigurjóni Magnúsi Egilssyni, kt. 170154-3129, Ljósheimum 12, Reykjavík.

Stefndu gera þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dóminum og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefnandi krefst þess, að kröfu stefndu um frávisun málsins verði með öllu hrundið og stefndu gert in solidum að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins í þessum þætti málsins sérstaklega auk 24,5% virðisaukaskatts af málskostnaðarfjárhæðinni, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Efniskröfur málsaðila eru eftirgreindar:

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að þola, að eftirgreind ummæli og skrif í vikublaðinu Pressunni verði dæmd dauð og ómerk:

1. Í 12. tölublaði 5. árgangs Pressunnar fimmtudaginn 26. mars 1992 á forsiðu: „Þjóðlífsmálið brot af alls kyns braski og svikum.“ Á bls. 9 í blaðinu: „Þjóðlífsmálið er bara toppurinn á ísjakanum í viðskiptum Úlfars Nathanaelssonar. Hann kemur víða við sögu. Nefna má auk Innheimtu og ráðgjafar hf., Útey hf., Ísey hf., Rúmið hf., Bílaleiguna Höfða hf., Drang hf. og Rolf hf. Á sama tíma og hann er gjaldþrota býr hann í stóru einbýlishúsi í Arnarnesi og segist skilja að það pirri fólk, sem tapað hefur verulegum fjárhæðum á viðskiptum við hann og fyrirtæki hans.“ „Þessi mál virðast í raun aðeins vera toppurinn á ísjakanum í „viðskiptaveldi“, sem Úlfar Nathanaelsson hefur hlaðið í kringum sig.“ „Viðskiptin um áskrifendur Þjóðlífs hófust þegar fyrirtækið Útey hf. keypti kröfur Þjóðlífs í Janúar 1991. Útey var og er skráð á heimili Úlfars í Mávanesi 2 í Arnarnesi og var skráð sem heildverslun.“ „En þáttur Úlfars í þessu öllu er næsta einkennilegur.“ „Þessir bílar voru keyptir fyrir víxla frá

Rúminu, en það var hins vegar Valdimar nokkur Leifsson sem stóð í kaupunum fyrir Úlfar.“ „Við seldum Úlfari tvo bíla að andvirði ein milljón króna. Við höfum ekkert séð af þeim peningum,“ sagði Ingibjörg Einarsdóttir á Hellu, en hún og maður hennar, Smári Gunnarsson, seldu Úlfari tvo bíla. Þó að Valdimar hafi séð um kaupin (og meðal annars borgað útborgunina með innstæðulausri ávísun), eru þau Ingibjörg og Smári ekki í vafa um að Úlfar hafi staðið á bak við þau.“ „Tekst að þvo allt. — Ekki hefur tekist að ganga að Úlfari vegna Þjóðlífsmálsins og ekki heldur vegna bílaviðskiptanna. Ávallt hefur Úlfari tekist að forða sér og verðmætum undan. Þeir sem rætt var við segja að hann sé manna séðastur með að ná til sín „leppum“ sem ekkert eiga og ekkert er hægt að sækja til.“ Undir greininni á blaðsíðu 9 eru prentuð nöfnin Sigurður Már Jónsson og Sigurjón Magnús Egilsson.

2. Í 13. tölublaði 5. árgangs Pressunnar 2. apríl 1992 á forsiðu: „Úlfar Nathanaelsson í Innheimtu og ráðgjöf lét leppa skrifa upp á ónýta pappíra og hirti fjölda bíla.“ Grein á bls. 14 og 15 í blaðinu: „Úlfar Nathanaelsson og „viðskiptaveldi“ hans lét leppa skrifa upp á verðlausa pappíra og hirti fjölda bíla.“ „Viðskipti Úlfars Nathanaelssonar hafa verið í sviðsljósinu að undanfögnu og þá sérstaklega í tengslum við fyrirtækið Innheimtu og ráðgjöf og Þjóðlífsmálið svokallaða. Fyrirtækið er aðeins ein af mörgum svikamyllum sem Úlfar hefur skipulagt á ferli sem spannar 30 ár og hefur leitt til fjölda dóma og enn fleiri kærumála.“ „Ein umfangsmesta svikamyllan var í tengslum við stórfelld bílakaup. Þar voru 13 bílar keyptir út á verðlausa pappíra sem voru útgefnir af húsgagnaversluninni Rúminu hf. Þegar fórnarlömbin áttuðu sig voru bílarnir seldir öðru fyrirtæki í umsjón Úlfars, Bílaleigunni Höfða hf. Það var síðan gert gjaldþrota. Þriðja fyrirtækið, Drangur hf., var svo einnig milligönguaðili við sum kaupanna. Þaðan dreifðust bílarnir út um land með þeim hætti að seljendunum var ókleift að ná þeim til sín, taka veð í þeim eða yfirleitt leita réttar síns. Þótt margir þeirra hafi leitað til rannsóknarlögreglunnar og sumir kært virðist enginn hafa áttað sig á umfangi svikanna. Þar að auki virðist Úlfari hafa tekist að fá virðisaukaskatt af bílunum endurgreiddan í krafti þess, að hann væri að stofnsetja bílaleigu.“ „Keyptu 13 notaða bíla á skömmum tíma. Með stjórnarsamþykkt hjá húsgagnaversluninni Rúminu hinn 11. júní 1990 er ákveðið að hefja rekstur bílaleigu. Þá var fyrirtækið í eigu Úlfars Nathanaelssonar og var téður stjórnarfundur haldinn á heimili hans í Mávanesi 2 í Arnarnesi. Að sögn Úlfars sáu menn mikla framtíðarmöguleika í því að stofna bílaleigu með notaða bíla.“ „Enginn þeirra seljenda, sem haft hefur verið samband við, efast þó um að Úlfar standi á bak við kaupin og telja þeir að þessir menn hafi einungis verið leppar hans í viðskiptunum.“ „Frá Bílaleigunni Höfða dreifðust síðan bílarnir í burtu og verður

reynndar ekki séð að fyrirtækið hafi náð að vera með neina starfsemi svo heitið geti. Í upphafi árs 1991 eignaðist Barði Guðmundsson, bróðir Hreiðars, fyrirtækið, en hann hefur verið leppur fyrir Úlfar í mörgum málum. Barði þessi rekur nú veitingastað í Suður-Afríku. Þriðja fyrirtækið, Drangur hf., sem var einnig hluti af veldi Úlfars, eignaðist síðan nokkra af bílunum. Meðal stofnenda þess var Jóhannes Halldórsson hjá Innheimtu og ráðgjöf og bróðir hans, Hafsteinn Halldórsson.“ „Hafa haft 6 til 8 milljónir upp úr krafsinu. Eigendur bílanna eru misviljugir að láta nafns getið, meðal annars vegna þess að þeir eru enn að reyna að fá Úlfar til að greiða fyrir bílana. Þrátt fyrir það er hægt að áætla að Úlfar og félagar hafi haft á bílinu 6 til 8 milljónir króna upp úr krafsinu.“ „Einn leppurinn telur þetta hafi verið svikamylla. Eins og áður sagði tók Valdimar T. Þorvaldsson á sínum tíma að sér að kaupa fjölda bíla fyrir Rúmið. Líklega hefur hann verið afkastamestur leppa Úlfars í því efni.“ „Fjölskrúðugur ferill í okri og svikum. Fyllsta ástæða er til að draga frásagnir Úlfars í efa — sérstaklega vegna þess hvernig ferli hans er háttað. Eins og áður er komið fram hefur hann verið kærður til RLR vegna þátttöku í málum Innheimtu og ráðgjafar. Sömuleiðis vegna afskipta sinna af bílamálinu. Þá er vert að minnast á þá starfsemi sem hann hefur verið hvað þekktastur fyrir. Það eru okurviðskipti. Hann hefur tvívegis verið ákærður fyrir okurbrot, fyrst 1985 og aftur árið 1989 er hann var dæmdur fyrir að hafa veitt Hermanni Björgvinssyni peningalán í ein átján skipti. Þótti sannað að Úlfar hefði tekið hærri vexti en löglegt var. Pressan hefur á þeim stutta tíma sem mál Úlfars hafa verið til umfjöllunar rætt við fjölda fólks sem telur sig hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna hans. Þar kemur hvort tveggja við sögu lánastarfsemi hans og viðskipti við önnur fyrirtæki honum nákominn. 1982 hlaut Úlfar einnig dóm í borgardómi Reykjavíkur fyrir afskipti sín af fyrirtækinu Bjargey hf., en það varð gjaldþrota 1981. Þá hafa viðskipti annarra fyrirtækja sem honum tengjast vakið athygli. Má þar nefna Ísey hf., Útey hf. og Rolf hf. Virðist ekki einleikið hversu skjótt þau leggja upp laupana eftir að þau fara úr eigu Úlfars.“ „Sumarið 1990 keypti fyrirtækið Rúmið hf. 13 bíla víðs vegar að. Fyrir þá var greitt með víxlum og skuldabréfum sem reynst hafa verðlaus, en um leið var bílunum komið undan með margvíslegum hætti. Nálægt kaupunum hafa komið mörg fyrirtæki og einstaklingar sem með einum eða öðrum hætti tengjast „viðskiptaveldi“ Úlfars Nathanaelssonar. Þrátt fyrir kærur og fyrirspurnir til Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur engin skipuleg rannsókn farið fram á málinu. Um leið hafa borist margvíslegar upplýsingar um viðskiptahætti Úlfars sem spanna 30 ára tímabil.“ Undir greinina á blaðsíðu 15 er prentað Sigurður Már Jónsson ásamt Sigurjóni Magnúsi Egilssyni.

3. Í 14. tölublaði 5. árgangs Pressunnar 9. apríl 1992 bls. 13: „Úlfar

Nathanaelsson og Rolf hf. Gaf skuldabréf út á brunarústir.“ „Í mars 1989 stofnaði Úlfar Nathanaelsson fyrirtækið Rolf hf. Fyrirtæki þetta hafði aldrei neina starfsemi með höndum en stóð hins vegar í stórfelldri skulda-bréfaútgáfu. Voru mörg skuldabréfanna gefin út með veði í húsinu Aðalstræti 16 á Akureyri, sem brann í sama mánuði og Rolf var stofnað. Bréfin voru notuð við kaup á bílum, fyrirtækjum og fasteignum. Þegar viðtakendur bréfanna uppgötvuðu uppruna þeirra var yfirleitt búið að selja bílana áfram eða selja allt fémætt úr fyrirtækjunum. Þegar þrengja fór að Rolf lét Úlfar leppa hafa fyrirtækið og sendi það í eignalaust gjaldþrot.“ „Fyrirtækið Rolf hf. varð ekki gamalt. Það var stofnað 4. mars 1989 í Borgartúni 29 en þar voru höfuðstöðvar Úlfars Nathanaelssonar um skeið. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta 6. júní 1991 og skiptameðferð lauk 16. október. Engar eignir fundust í búinu en kröfur voru upp á 3,8 milljónir króna. Hvorki kröfuhafar né aðstandendur mættu á skiptafund. Stofnendur Rolfs voru auk Úlfars: Egill Eyfjörð, Guðmundur Sigurðsson, Helena Helma Markan og Margrét Ólafsdóttir. Úlfar og Egill áttu mestallt hlutféð, sem var skráð 26.000 krónur, og ráku félagið frá upphafi, enda hlutverk hinna óljóst. Ekki er ljóst hver starfsemi Rolfs var fyrst í stað en fyrirtækið stóð þó fyrir kaupum á nokkrum bílum og fyrirtækjum. Notaði fyrirtækið ákaflega vafasama pappíra sem reyndist torvelt ef ekki ókleift að innheimta.“ „Fékk bílinn til baka gegnum trúfélag. Pressan hefur haft uppi á nokkrum þeirra sem lentu í að eiga viðskipti við Rolf. Einn þeirra var Björgvin Ragnarsson, en unnusta hans seldi Rolf bíl 18. ágúst 1989. Fengu þau 100.000 krónur við undirritun en afganginn, 390.000 krónur, á skuldabréfi. Það mun hafa verið eitt svokallaðra „Böðvarsbréfa“, kennd við samnefndan mann, en þau voru mikið notuð af Rolf og fleiri aðilum tengdum Úlfari.“ „Fengu fyrirtækið á fölskum pappírur og hirtu allt fémætt. Franz Guðbjartsson seldi fyrirtæki sitt, Íslenska skyndirétti, út á pappíra frá Rolf hf. 1989. Þeir voru þá komnir í hendurnar á öðrum mönnum sem mikið versluðu með pappíra frá Rolf, þeim Magnúsi Garðarssyni og Jóni Ellert Tryggvasyni. Magnús, sem rak verslunina Toppelður í eina tíð, hefur áður komið nálægt viðskiptum Úlfars.“ „Lepparnir taka við. En 14. nóvember 1989, rúmum mánuði eftir að Rolf eignast Aðalstrætishúsið, berst tilkynning um nýja stjórn þess til Hlutfélagaskrár og er það þar með úr höndum Úlfars og Egils. Nýr eigandi, Guðmundur Böðvarsson, sem meðal annars hefur verið kenndur við verslunina Pilot, er þó ekki með öllu ókunnugur Úlfari, því að hann hefur áður verið leppur fyrir hann. Var það meðal annars í fyrirtækinu Rúminu hf., sem sagt var frá í síðustu viku í sambandi við bílakaupasvikamyllu. Með Guðmundi voru tilkynntir nýir meðstjórnendur og sagðist einn þeirra ekki hafa vitað af stjórnarsetu sinni fyrr en hann fékk tilkynningu um nauðungarsölu Aðalstrætis 16 löngu síðar!“

Undir greinina er prentað Sigurður Már Jónsson ásamt Sigurjóni Magnúsi Egilssyni.

4. Í 15. tölublaði 5. árgangs Pressunnar 15. apríl 1992 bls. 13: „Hug-sjónamennirnir hitta „glæpamanninn“. Forráðamenn Þjóðlífs gældu lengi vel við að unnt yrði að ganga frá nauðasamningum en að sögn Kristins varð „innheimtumálið“ til að eyða slíkum möguleikum. Þeir samningar sem gerðir voru á milli Þjóðlífs og Úteyjar um áskrifendaskuldir tímaritsins hafa leitt til einstakrar atburðarásar. Tildrög málsins munu hafa verið þau að Agnar Agnarsson vann fyrir Þjóðlíf við að innheimta kröfur og leitaði síðan eftir að kaupa þær til sjálfstæðrar innheimtu. Kristinn féllst þá ekki á skilgreiningu Jóhannesar Halldórssonar, framkvæmdastjóra Innheimtu og ráðgjafar, að Agnar hafi verið starfsmaður Þjóðlífs. Agnar hafði hins vegar ekki fjármagn til að kaupa kröfurnar og fékk Útey og Úlfar Nathanaelsson til að gangast í kaupin, en Úlfar hefur sagt í samtali við Pressuna að hann hafi auglýst eftir kröfum í smáauglýsingum DV. Átti Þjóðlíf að fá um tvær milljónir króna fyrir þær (kröfur í Reykjavík og á Seltjarnarnesi), en að sögn Kristins fengu þeir aldrei nema um 1.200.000. „Afgangurinn var ónýtir víxlar frá Úlfari sem við fengum í hausinn aftur,“ sagði Kristinn. Samningagerðin á milli Úteyjar og Þjóðlífs er dæmigerð fyrir það hvernig ekki á að gera samninga, enda var það að nokkru gert í gegnum telefaxtæki. Nánast strax eftir undirritun samningsins voru tvær útgáfur hans í umferð — með og án 9. greinarinnar, sem bannaði máls-höfðun vegna krafna. Hafa báðir aðilar kært samningagerðina til Rann-sóknarlögreglu ríkisins“. Undir greinina er prentað Sigurður Már Jónsson.

5. Í 37. tölublaði 5. árgangs Pressunnar 17. september 1992 bls. 13: „Egill sjálfur hefur reyndar áður verið til umfjöllunar hér í Pressunni þó að með óbeinum hætti sé. Hann var skráður í forsvari fyrir fyrirtækið Rolf hf., sem notað var sem svikamylla í viðskiptum í kringum Úlfar Nathanaelsson.“ Undir greinina á bls. 13 er prentað Sigurður Már Jónsson.

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu, Gunnar Smári Egilsson, Sigurður Már Jónsson og Sigurður Magnús Egilsson, verði dæmdir til hæfi-legrar refsingar samkvæmt 234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. til þyngingar 72. gr. almennu hegningarlaganna nr. 19/1940.

Stefnandi gerir og þær dómkröfur, að allir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð 2.400.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. október 1992 til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna vexti og dráttarvexti við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1993, og reikna áframhaldandi

vexti af þannig samanlagðri fjárhæð áfallinna vaxta, dráttarvaxta og höfuðstóls, sbr. 10. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að birta í vikublaðinu Pressunni væntanlegan dóm í máli þessu, forsendur og dómsorð, eigi síðar en fimmtán dögum eftir birtingu dómsins að viðlögðum dagsektum til stefnanda, 25.000 kr. á dag, er stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum og auk þess verði stefndu in solidum gert að greiða stefnanda 900.000 kr. vegna birtingar dómsins, forsendna og dómsorðs, í öðrum fjölmiðlum, opinberum fjölmiðlum og dagblöðum. Ofangreindar 900.000 kr. beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga númer 25/1987 frá birtingu dómsins til greiðsludags.

Enn fremur gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að mati réttarins, og beri málskostnaðar-fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 10. og 12. gr. laga númer 25/1987, frá 15. degi eftir birtingu dómsins til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá krefjast stefndu, að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti.

— — —

5.0.

Svo sem ljóst má sjá af kröfugerð stefnanda, sem að framan er rakin, tilgreinir hann greinar og greinahluta í heild sinni, eins og þær birtust í vikublaðinu Pressunni. Krefst hann þess, að greinarnar í heild sinni verði dæmdar dauðar og ómerkar. Hann tilgreinir ekki nákvæmlega, hvaða orð í hinum tilfærðu greinum hann telji meiðandi, og enn síður, með hvaða hætti þær séu meiðandi fyrir æru hans.

Telja verður, að nauðsynlegt sé, að stefnandi tilgreini nákvæmlega og afmarkað, hvaða orð eða orðasambönd úr umræddum skrifum hann telji ærumeiðandi og hann krefjist að dæmd verði dauð og ómerk. Að öðrum kosti er stefndu ókleift að koma nægilegum vörnum við um þau nánar tilgreindu ærumeiðandi orð eða ummæli, sem stefnandi telur aðdróttun eða móðgun, né sýna fram á sannindi þeirra. Tekur þetta til krafna stefnanda um ómerkingu ummæla, refsingar og skaðabætur.

Þá er dómara erfitt um vik að taka úr skrifum þessum til umfjöllunar ákveðin ummæli, þar sem stefnandi hefur ekki bent á nein tiltekin orð eða orðasambönd, setningar eða greinahluta, sem öðrum fremur beri að beina athyglinni að. Til dæmis geta einfaldar frásagnir af atburðum, viðskiptum eða samskiptum manna vart verið efni í sjálfstæðar aðdróttanir eða móðg-

anir. Slik afmörkun sakarefnis, þ. e. glögg tilgreining dómkrafna og máls-
ástæðna, er réttarfarsleg nauðsyn og þarf að liggja ljóst fyrir í upphafi mál-
sóknar.

Samkvæmt framansögðu brýtur málatilbúnaður stefnanda gegn megin-
reglum um skýran málflutning, sbr. e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991. Þegar
þessir ágallar eru virtir, er það niðurstaða dómsins, að vísa beri málinu
frá samkvæmt fram kominni kröfu stefndu.

Við málskostnaðarákvörðun verður að gæta að því, að stefndu voru jafn-
framt til neyddir að skila umfjöllun sinni um efnishlið málsins. Eftir atvik-
um þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 60.000 kr., þ. m. t. virðisauka-
skattur.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Úlfar Nathanaelsson, greiði stefndu, Blaði hf., Gunnari
Smára Egilssyni, Sigurði Má Jónssyni og Sigurjóni Magnúsi Egilssyni,
60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.